

Norðurál Grundartangi ehf.

Ársreikningur

2019

Norðurál Grundartangi ehf.
Grundatanga
301 Akranes
kt. 570297-2609

Norðurál Grundartangi ehf.

Ársreikningur

2019

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4-5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-18

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Norðurál Grundartanga ehf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Norðurál Grundartanga ehf. fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu fyrirtækisins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Norðurál Grundartanga ehf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar að undanskildum ársreikningi og áritun endurskoðenda.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það sé verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar. Þessu til viðbótar í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Norðurál Grundartanga ehf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Áritun óháðra endurskoðenda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi fyrirtækisins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn og framkvæmdastjóra meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 28. apríl 2020

Deloitte ehf.

Jóhann Geir Harðarson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Norðuráls Grundartanga ehf. fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Norðurál Grundartangi ehf. rekur álver á Grundartanga, Íslandi. Félagið er verulega háð verðbreytingum á áli, áframhaldandi samningum vegna orkukaupa, kostnaði við vinnuafli og kostnaði lykil hráefna, þ.m.t. súrál og rafskaut. Vinnuafli, skattar og ýmis annar rekstrarkostnaður er í íslenskum krónum. Þessir liðir falla allir undir daglegan rekstur fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur aukið framleiðslugetu sína og er stefnt á að halda áfram að auka hana á næstu árum. Um þessar mundir eru aðstæður óvenjulegar vegna COVID-19 faraldursins sem valdið hefur óvissu í efnahagslífinu sem gæti haft áhrif á rekstur fyrirtækisins. Það er hinsvegar mat stjórnenda Norðuráls Grundartanga ehf. að þessar óvenjulegu aðstæður hafi ekki áhrif á rekstrargrundvöll fyrirtækisins.

Norðurál Grundartangi ehf. framleiðir ál á ábyrgan, öruggan og skilvirkan hátt. Gæðastjórnun er háð reglulegum úttektum og stöðugum umbótum. Allt starfsfólk er hvatt til að taka þátt í að viðhalda og bæta gæði framleiðslunnar á öllum sviðum.

Framleiðsla Norðuráls Grundartanga ehf. fyrir árið 2019 var 315.867 tonn, sem er um 1.500 tonna lækkun á framleiðslu frá fyrra ári. Meðalfjöldi starfsfólks var 547 árið 2019 samanborið við 575 árið 2018.

Mikill meirihluti, eða 85% af starfsfólki Norðuráls Grundartanga ehf. eru aðilar að fimm verkalýðsfélögum og kjarasamningum sem eru í gildi. Núverandi samningar runnu út 31. desember 2019. Öryggi og heilsa starfsmanna er í forgangi hjá fyrirtækinu. Norðurál Grundartangi ehf. er stærsti vinnustaður á Vesturlandi og gegnir lykilhlutverki í samfélaginu. Ekki aðeins sem helsta tekjulind þúsunda starfsmanna vegna beinna og óbeinna starfa heldur einnig fyrir efnahagslega, umhverfislega og félagslega velferð svæðisins í heild. Þessu hlutverki fylgir ábyrgð sem við tökum alvarlega, auk þess sem við skuldbindum okkur til að starfa vel innan ramma settra laga og reglugerða. Árið 2019 hlaut Norðurál Grundartangi ehf. jafnlaunavottun samkvæmt ÍST 85:2012 staðlinum sem sýnir að hjá fyrirtækinu er starfsfólki greidd laun eftir ábyrgð, sérþekkingu og vinnuframlagi, ekki kyni eða uppruna.

Norðurál Grundartangi ehf. leggur áherslu á jafnan rétt starfsmanna til framgangs í starfi og launaréttinda, óháð kyni, kynhneigð, trúarbrögðum eða uppruna. Norðurál hagar starfsemi sinni og viðskiptum með virðingu fyrir mannréttindum, vinnur að stöðugum umbótum og uppfyllir lög og reglur um mannréttindi og jafnrétti.

Norðurál Grundartangi ehf. hefur hlotið hina alþjóðlegu ASI vottun (Aluminium Stewardship Initiative) um umhverfisvæna og ábyrga framleiðslu, fyrst þeirra álfyrirtækja sem starfa á Íslandi. ASI vottunin tekur til 59 þátta í starfsemi fyrirtækisins, allt frá öflun hráefnis um allan heim að endanlegri afurð. Alþjóðlega gæðavottunarfyrirtækið DNV-GL annaðist ítarlega úttekt á þremur meginstöðum í starfsemi Norðuráls: Stjórnun og rekstri, umhverfisáhrifum framleiðslunnar og samfélagslegri ábyrgð fyrirtækisins. Vottunin staðfestir að Norðurál stenst ítrustu kröfur um heildarlega og ábyrga viðskiptahætti, umhverfisvænt hráefni og framleiðslu.

Norðurál Grundartangi ehf. hefur einsett sér að ástunda gott siðferði og stunda lögmæta viðskiptahætti. Alþjóðleg lög og reglur banna spillta viðskiptahætti, s.s. óeðlilega fyrirgreiðslu og rangfærslur í bókhaldi og öðrum gögnum. Ítarleg stefna og starfsreglur fyrirtækisins tryggja að settum lögum og félagslegum kröfum sé fylgt í hvívetna, og stuðla að heildarlegri starfsemi.

Árið 2019 kynnti Norðurál Grundartangi ehf. á markað nýja vörulínu undir merkinu Natur-AL™, sem hefur eitt lægsta kolefnisspor sem völ er á í heiminum. Heildarlosun kolefnisígilda við framleiðslu Natur-AL™ er innan við fjórðungur af meðaltali álframleiðslu í heiminum og samkeppnishæft við það allra besta sem völ er á á heimsmarkaði. Grundartangi er óefað eitt mest rannsakaða svæði á Íslandi. Óháðir aðilar hafa eftirlit með umhverfisvöktun sem felur í sér rannsóknir og eftirlit með yfir 100 mæliþáttum til að ganga úr skugga um að starfsemi Norðuráls Grundartanga ehf. hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið. Vöktunin er framkvæmd af óháðum aðilum og fer fram samkvæmt áætlun Umhverfisstofnunar. Niðurstöður sýna ótvírætt að Norðurál Grundartangi ehf. uppfyllir öll viðmiðunarmörk í starfsleyfi og reglugerðum.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Öryggisstjórnunarkerfi eru vottuð samkvæmt alþjóðlegu ISO 14001 og ISO 45001 stöðlunum. Stöðugt endurmat og endurbætur á ferlum fyrirtækisins á sviði umhverfis- og öryggismála er tryggt.

Norðurál Grundartangi ehf. vinnur enn að mælikvörðum sem mæla frammistöðu starfseminnar á ófjárhagslegum grundvelli, þ.e. hvernig starfsemin hefur áhrif á samfélagið og umhverfið, og sé í samræmi við ófjárhagslega stefnu sína. Norðurál Grundartangi ehf. mun halda áfram að þróa slíka mælikvarða og skýrslur á árinu 2020.

Stjórn Norðuráls Grundartanga ehf. samanstendur af tveimur kvenkyns og tveimur karlkyns aðilum í stjórn sem er í samræmi ákvæði um kynjadreifingu í stjórn samkvæmt lögum um einkahlutafélög, þar sem starfsmenn eru 50 eða fleiri.

Tap Norðuráls Grundartanga ehf. á árinu 2019 nam USD 32.061.650. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins USD 575.242.146 í árslok, bókfært eigið fé í árslok er USD 376.434.224 og er eiginfjárlutfall félagsins 65%.

Eini hluthafi Norðuráls Grundartanga ehf. er Norðurál ehf. eins og í upphafi árs.

Stjórn félagsins vísar til hluthafafundar um ákvörðun greiðslu á arði til hluthafa vegna rekstrarársins 2019, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Norðuráls Grundartanga ehf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Norðuráls Grundartanga ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. apríl, 2020

Í stjórn

Jessy Gary

Gunnar Guðlaugsson

Michelle Harrison

Sigrún Helgadóttir

Framkvæmdastjóri

Gunnar Guðlaugsson

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur		628.258.562	752.297.022
Framleiðslukostnaður		(624.716.149)	(711.681.886)
Afskriftir	8	(37.840.295)	(39.793.489)
Rekstrar(tap) hagnaður fyrir sölu og stjórnunarkostnað		<u>(34.297.883)</u>	<u>821.647</u>
Sölu og stjórnunarkostnaður		(2.582.386)	(2.608.809)
Rekstrartap		<u>(36.880.268)</u>	<u>(1.787.162)</u>
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	11	(96.938)	(8.086)
Fjármunatekjur		419.458	902.647
Hrein (gjöld) tekjur af framvirkum- og afleiðusamningum	16	(1.573.556)	3.638.464
Fjármagnsgjöld	6	(5.984.745)	(9.806.269)
Gengismunur		4.033.727	12.715.088
(Tap) hagnaður fyrir skatta		<u>(40.082.322)</u>	<u>5.654.682</u>
Tekjuskattur	7	8.020.670	(1.124.322)
(Tap) hagnaður ársins		<u>(32.061.650)</u>	<u>4.530.360</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	430.771.038	461.592.387
Afleiðueign	16	0	4.669.173
Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi	11	293.861	390.799
		<u>431.064.899</u>	<u>466.652.359</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	9	99.320.923	110.546.692
Viðskiptakröfur	10	21.106.682	10.928.335
Afleiðueign	16	2.675.495	0
Aðrar skammtímakröfur	10	5.618.146	3.832.734
Handbært fé	10	15.456.002	24.850.579
		<u>144.177.247</u>	<u>150.158.340</u>
Eignir		<u>575.242.146</u>	<u>616.810.700</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
	12		
Hlutfé		146.988.000	146.988.000
Yfirverðsreikningur hlutfjár		117.963.936	117.963.936
Lögbundinn varasjóður		40.830.000	40.898.999
Óráðstafað eigið fé		68.811.070	100.803.721
Aðrir eiginfjárreikningar		1.841.217	1.990.044
		<u>376.434.224</u>	<u>408.644.700</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við tengd félög	13	40.738.362	69.722.561
Afleiðuskuld	16	0	506.639
Leiguskuldir	18	784.910	0
Tekjuskattsskuldbinding	14	71.776.873	79.012.874
		<u>113.300.145</u>	<u>149.242.074</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	15	61.549.975	40.366.391
Næsta árs afborganir langtímaskulda	13	12.353.874	6.346.734
Tekjuskattur til greiðslu næsta árs	7,14	0	252.947
Næsta árs afborgun leiguskulda	18	652.576	0
Afleiðuskuld	16	443.828	0
Aðrar skammtímaskuldir	15	10.507.526	11.957.854
		<u>85.507.778</u>	<u>58.923.926</u>
Samtals skuldir		<u>198.807.923</u>	<u>208.166.000</u>
Samtals eigið fé og skuldir		<u>575.242.146</u>	<u>616.810.700</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrar(tap) hagnaður		(32.061.650)	4.530.360
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi			
Afskriftir	8	37.840.296	39.793.489
Tekjuskattur	7	(8.020.670)	1.124.322
Hlutdeild í tapi hlutdeildarfélags	11	96.938	8.086
Nettó fjármagnskostnaður		1.531.560	(3.811.466)
Nettó tap (hagnaður) af afleiðuviðskiptum		1.573.556	(3.638.464)
Aðrar breytingar		0	382.484
		<u>960.030</u>	<u>38.388.813</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Vörubirgðir, breyting		11.225.769	(14.413.280)
Viðskiptakröfur, breyting		(2.733.442)	763.512
Skammtímaskuldir, lækkun (lækkun)		20.857.918	(2.744.441)
Skuldir við tengda aðila, lækkun		(9.490.149)	(9.669.879)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>20.820.126</u>	<u>12.324.726</u>
Innborgaðir vextir		428.306	863.236
Greiddir vextir		(5.409.976)	(9.276.333)
Innborgað vegna afleiðusamninga		402.011	0
Greiddir skattar		(276.258)	(10.526.408)
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>15.964.209</u>	<u>(6.614.779)</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir fastafjármunir	8	(5.263.502)	(10.991.307)
Hagnaður af sölu fastafjármuna	8	0	138.012
		<u>(5.263.502)</u>	<u>(10.853.295)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Skuldir við tengda aðila, lækkun		(19.592.602)	(37.679.517)
Greiðslur leiguskulda		(502.682)	0
		<u>(20.095.284)</u>	<u>(37.679.517)</u>
Lækkun handbærs fjár		(9.394.577)	(55.147.590)
Handbært fé í upphafi árs		24.850.579	79.998.169
Handbært fé í lok árs		<u>15.456.002</u>	<u>24.850.579</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Norðurál Grundartangi ehf. ("Fyrirtækið" eða "Norðurál Grundartangi") er í eigu Norðurál ehf. Félagið rekur álver á Grundartanga, Íslandi. Norðurál ehf. er í eigu Century Aluminum Company, bandaríks félags. Fjárhagsupplýsingar Century Aluminum Company eru birtar á heimasíðu félagsins.

Félagið hefur rekstrarleyfi fyrir álframleiðslu allt að 350.000 tonnum á ári. Leyfið var gefið út af Skipulagsstofnun í desember 2015 og gildir til desember 2031.

Framleiðslan álversins var 315.867 tonn af heitum málmni árið 2019 (2018: 317.386 tonn), 314.895 tonn af steiptum málmni (2018: 321.206 tonn).

2. Þýðing á ársreikningi

Ársreikningur þessi er þýðing á upphaflega enska eintakinu sem er staðfestur og undirritaður af stjórn félagsins.

3. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Norðuráls Grundartanga ehf. fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í USD sem er starfrækslugjaldmiðill fyrirtækisins.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, á upplýsingar í skýringum og á tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Áhættustjórnun

Sem alþjóðlegur framleiðandi á áli er rekstaraafkoma og sjóðstreymi frá rekstri háð sveiflum á markaðsverði á áli, hráefnum og orku. Félagið getur í einhverjum tilfellum stofnað til fjárhagslegra samninga til að stýra áhrifum vegna sveiflu á markaðsverðum. Afleiðusamningar og áhættuvarnargerningar eru metnir á skráðu markaðsverði. Gangvirkisbreytingar af afleiðusamningum og áhættuvarnargerningum eru færðir í gegnum rekstrarreikning á því reikningsskilatímabili sem þær eiga sér stað.

Breytingar á gangvirði afleiðusamninga sem eru með virkar áhættuvarnir vegna framtíðar sjóðstreymis er fært á eigið fé. Breyting á gangvirði annarra afleiðusamninga er fært í rekstrarreikning á gengi uppgjörsdags.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Skýringar

3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinnæign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Virðisýrnun

Á reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisýrnunar. Komi fram vísbending um virðisýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisýrnun er (sé um slíkt að ræða).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaprósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð. Virðisýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefnikostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni. Viðskiptakröfur í öðrum myntum en USD hafa verið umreiknað í USD miðað við gengi í lok reikningsskiladags.

Lán vegna tengdra aðila og lántökukostnaður

Lán frá tengdum aðilum eru færð á gangvirði auk alls viðskiptakostnaðar. Eftir upphaflega skráningu eru lán vegna tengdra aðila færð á afskrifuðu kostnaðarverði með notkun virkra vaxta.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Nýr reikningshaldsstaðall - IFRS 16 eignaleigusamningar

Fyrirtækið hefur beitt IFRS 16 fyrir fjárhagsárið sem hófst 1. janúar 2019. Áhrif á rekstur og efnahagsreikning má sjá í skýringu 18.

Skýringar

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2019	2018
Laun	45.316.555	51.280.228
Lífeyrissjóður	6.996.974	7.590.914
Önnur launatengd gjöld	4.663.096	5.130.997
Annar starfsmannakostnaður	530.524	710.823
	<u>57.507.148</u>	<u>64.712.962</u>
Stöðugildi að meðaltali	547	575

Upplýsingar um laun stjórnenda má finna í skýringum ársreiknings Norduráls ehf.

5. Kostnaður vegna endurskoðunar

	2019	2018
Deloitte - endurskoðun.....	372.266	362.823
PWC - önnur sérfræðiaðstoð.....	392.732	451.197
KPMG - önnur sérfræðiaðstoð.....	4.338	90.917
	<u>769.337</u>	<u>904.937</u>

6. Fjármagnsgjöld

	2019	2018
Vextir til tengdra aðila	5.668.878	9.571.221
Vextir af eignaleigusamningum	65.260	0
Annar fjármagnskostnaður	206.237	235.047
	<u>11.925.121</u>	<u>9.806.268</u>

7. Tekjuskattur

	2019	2018
Tekjuskattur	0	252.947
Frestaður tekjuskattur	(8.020.670)	871.375
	<u>(8.020.670)</u>	<u>1.124.322</u>

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Leigugeignir	Fasteignir og lóðir	Verksmiðju- vélar og tæki	Rekstrarfjármunir í vinnslu	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun	0	273.777.834	739.955.247	8.182.949	1.021.916.031
Áhrif innleiðingar IFRS 16	654.203	0	0	0	654.203
Endurflokkun rekstrarfjármuna	0	473.243	5.002.217	(5.475.460)	0
Eignfært á árinu	1.287.274	0	0	5.263.502	6.550.775
Selt og aflagt á árinu	0	0	(4.779.793)	0	(4.779.793)
Staða í árslok	1.941.477	274.251.077	740.177.671	7.970.991	1.024.341.216
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	0	104.638.371	455.685.274	0	560.323.645
Afskrift ársins	526.842	7.597.944	29.901.543	0	38.026.328
Selt og aflagt á árinu	0	0	(4.779.793)	0	(4.779.793)
Staða í árslok	526.842	112.236.315	480.807.024	0	593.570.181
Bókfært verð					
Bókfært verð í ársbyrjun	0	169.139.463	284.269.973	8.182.949	461.592.387
Bókfært verð í árslok	1.414.635	162.014.762	259.370.648	7.970.991	430.771.038
Afskriftir				31.12.2019	31.12.2018
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna				38.026.328	39.979.522
Afskriftir af hagnaði á framvirkum samningum				(186.032)	(186.032)
				37.840.295	39.793.489

9. Vörubirgðir

	31.12.2019	31.12.2018
Ál - fullunnið	9.098.339	11.552.764
Ál í kerjum	8.555.581	13.514.363
Forskaut	10.226.006	13.930.471
Súrál	32.893.257	35.558.517
Bakskaut	6.550.994	5.171.359
Önnur hráefni	13.624.565	11.273.895
Rekstrarvörur	18.372.180	19.545.322
	99.320.923	110.546.692

Skýringar

10. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2019	31.12.2018
Viðskiptakröfur	954.159	6.129
Viðskiptakröfur við tengda aðila	20.152.523	10.922.206
	<u>21.106.682</u>	<u>10.928.335</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2019	31.12.2018
Virðisaukaskattur	4.108.092	3.227.191
Fyrirframgreiddur kostnaður	328.871	336.483
Fjármagnstekjuskattur	20.565	27.265
Skammtímakröfur við tengda aðila	910.495	799
Aðrar skammtímakröfur	250.123	240.636
	<u>5.618.146</u>	<u>3.832.374</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2019	31.12.2018
Bankareikningar í USD	14.661.989	23.549.669
Bankareikningar í öðrum myntum	794.013	1.300.910
	<u>15.456.002</u>	<u>24.850.579</u>

11. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi

Eignarhlutar í dótturfélögum:	Hlutdeild	Nafnverð	Hagnaður (tap)	
			2019	2018
Klaði ehf., Grundartanga, flutningsfyrirtæki	50,00%	293.861	(96.938)	(8.086)
Staða í ársbyrjun			390.799	398.886
Tap á ársins			(96.938)	(8.086)
Staða í árslok			<u>293.861</u>	<u>390.799</u>

Skýringar

12. Eigið fé

Hlutafé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutafé í árslok	163.320.000	100,0%	163.320.000
Eigin hlutir í árslok	(16.332.000)	(10,0%)	(16.332.000)
	<u>146.988.000</u>	<u>90,0%</u>	<u>146.988.000</u>

Útgefinn hlutur jafngildir einu atkvæði.

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Gangvirðis reikningur	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2018	146.988.000	117.963.936	40.907.085	96.265.275	2.138.870
Gjaldmiðlavalréttur, án skatts					(148.827)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags umfram móttækinn arð			(8.086)	8.086	
Hagnaður ársins				4.530.360	
Eigið fé 1.1.2019	146.988.000	117.963.936	40.898.999	100.803.721	1.990.042
Gjaldmiðlavalréttur, án skatts					(148.827)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags umfram móttækinn arð			(68.999)	68.999	
Tap ársins				(32.061.650)	
Eigið fé 31.12.2019	<u>146.988.000</u>	<u>117.963.936</u>	<u>40.830.000</u>	<u>68.811.070</u>	<u>1.841.217</u>

Aðrir sjóðir eru vegna lögbundins varasjóðs 40.830.000 (2018: 40.830.000) og bundins eiginfjár vegna afkomu í hlutdeildarfélagi 0 (2018: 68.999) sem ekki er hægt að greiða út sem arð til hluthafa. Samkvæmt lögum um einkahlutafélög skal 25% hlutfjár haldið eftir í lögbundinn varasjóð.

Samkvæmt íslenskum lögum er gerð krafa um að greiða í varasjóð vegna afkomu í hlutdeildarfélagum. Bundið eigið fé lækkar eftir greiðslu arðs hjá þessum félagum.

Aðrar tekjur eru vegna lokaðar áhættuvarnargernings þar sem tekið er tillit til líftími undirliggjanda eignar.

13. Langtímaskuldir við tengda aðila

	31.12.2019	31.12.2018
Lán frá móðurfélagi. Fastir vextir 7,85%, lánið er í íslenskum krónum	9.580.049	24.398.161
Lán frá móðurfélagi. Fastir vextir 10,00%, lánið er í íslenskum krónum	18.348.409	25.471.561
Lán frá móðurfélagi. Fastir vextir 10,00%, lánið er í íslenskum krónum	25.163.777	26.199.574
	<u>53.092.235</u>	<u>76.069.296</u>
Næsta árs afborgun langtímaskuld	<u>(12.353.874)</u>	<u>(6.346.734)</u>
Alls langtímaskuldir við tengda aðila	<u>40.738.362</u>	<u>69.722.561</u>

Lán frá móðurfélagi að fjárhæð 9.580.049 USD er gjaldfellanlegt eftir að skrifleg tilkynning um gjaldfellingu berst félaginu. Lán frá móðurfélagi að fjárhæð 18.348.409 USD er með fimm föstum afborgunum, fyrsta afborgun var árið 2018 og er síðasta afborgun árið 2022. Lán frá móðurfélagi að fjárhæð 25.163.777 USD verður greitt með fimm jöfnum afborgunum, með fyrstu afborgun á gjalddaga 2020 og síðasta 2024. Vextir eru greiddir á árlega.

Skýringar

14. Tekjuskattsskuldbinding

	2019	2018
Staða 1.1.2019	79.012.873	78.236.428
Reiknaður tekjuskattur ársins	(8.020.670)	1.124.322
Frestaður tekjuskattur vegna gjaldeyrissamninga	(37.207)	(37.207)
Gengismunur	(95.044)	(57.723)
Tekjuskattur til greiðslu næsta ár	0	(252.947)
Aðrar breytingar	916.920	0
Staða 31.12.2019	<u>71.776.873</u>	<u>79.012.873</u>

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	31.12.2019	31.12.2018
Varanlegir rekstrarfjármunir	70.084.067	76.231.042
Aðrir liðir	<u>1.692.805</u>	<u>2.781.831</u>
	<u>71.776.873</u>	<u>79.012.873</u>

15. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Starfrækslugjaldmiðill	41.716.512	19.327.638
Aðrir gjaldmiðlar	4.789.525	5.423.689
Áfallinn kostnaður	<u>15.043.938</u>	<u>15.615.064</u>
	<u>61.549.975</u>	<u>40.366.391</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Skuldir við tengda aðila	2.783.921	3.908.583
Laun og launatengd gjöld	<u>7.723.606</u>	<u>8.049.271</u>
	<u>10.507.526</u>	<u>11.957.854</u>

16. Afleiður

Þann 31. desember 2019 var opin staða á framvirkum LME fjármálagerningi sem tekur mið af LME markaðsvirði á 3.090 tonnum á áli. Samningurinn er með mánaðarlega uppgjörsdaga frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2020. Við höfum einnig gert framvirka samninga til að festa framvirkt verð á orku skv. Nordpool markaði og verð á evru yfir í USD sem nemur um 4% af heildar raforkuþörf álfersins á Grundartanga fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til og með 31. desember 2020. Fjármálagerningarnir eru ekki tilgreindur sem sjóðstremisvörn. Þann 31. desember 2019 var opin staða 219.600 MWh í tengslum við skiptasamninga tengdur raforkuverði.

Í lok árs 2019 voru afleiðusamnings eignir og skuldir 2.675.495 USD (2018: 4.669.173 USD) og 443.828 USD (2018: 506.639 USD). Á árinu 2019 var tap vegna afleiðusamninga okkar 1.573.556 USD (2018: ávinningur 3.638.465 USD) í rekstrarreikningi.

Skýringar

17. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengd félög árið 2019:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Norðurál ehf., móðurfélag	4.917.485	0	910.495	53.567.208
Century Aluminum Anodes BV, tengt félag	98.618.005	11.295.701	1.164.990	10.531.223
Century Aluminum Company, móðurfélag	3.175.317	122.462	0	2.315.770
Glencore, tengt félag	201.564.442	625.066.269	18.980.710	26.373.663
Klafi ehf., dótturfélag	1.372.887	0	0	0
	<u>309.648.136</u>	<u>636.484.432</u>	<u>21.056.196</u>	<u>92.787.865</u>
Viðskipti við tengd félög árið 2018:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Norðurál ehf., móðurfélag	6.088.911	0	0	77.724.076
Century Aluminum Anodes BV, tengt félag	109.727.487	13.768.975	1.285.346	9.494.989
Century Aluminum Company, móðurfélag	3.210.189	0	0	2.253.003
Glencore, tengt félag	238.199.656	750.919.022	6.100.215	5.994.509
Baise Haohai, tengt félag	23.973.541	0	0	2.113.398
Klafi ehf., dótturfélag	1.603.238	0	0	0
	<u>382.803.022</u>	<u>764.687.997</u>	<u>7.385.561</u>	<u>97.579.975</u>

18. Nýr reikningshaldsstaðall - IFRS 16 eignaleigusamningar

Samkvæmt nágildandi reikningskilastöðlum er félaginu skylt að beita aðferðum IFRS 16 vegna leigusamninga frá og með 1. janúar 2019. Samkvæmt IFRS 16 eru rekstrarleigusamningar (utan efnahagsreiknings) og fjármögnunarleigusamningar (innan efnahagsreiknings) færðir úr bókhaldi leigusala og færð sem afnotaréttur eignar samkvæmt leigusamningi og á móti samsvarandi skuld leigutaka við leigusala. Eðli viðurkenndra útgjaldaliða vegna rekstrarleigusamninga munu breytast það sem félagið mun færa afskriftir vegna eigna sem eru notaðar til afnotaréttar og vaxtagjöld vegna leigusamninga. Áður færðu félög rekstrarleigusamninga jafnt og þétt á rekstur yfir leigutímabilið.

Leigðar eignir eru verksmiðjulóð, vöruhús og bílaleigusamningar. Leigutími er vanalega til 24-36 mánaða fyrir utan leigusamning á verksmiðjulóð sem er til langs tíma.

Leigueignir greinast þannig:

Leigueignir 1.1	654.203
Afskriftir ársins	(526.842)
Viðbætur við leigueignir	1.287.274
Leigueignir 31.12	<u>1.414.635</u>

Áhrif leigusamninga í rekstrarreikningi greining þannig:

Vaxtagjöld leiguskuldar	65.260
Afskrift leigueigna	526.842

Leiguskuldbinding greinist þannig:

Afborganir 2020	652.576
Afborganir 2021 og síðar	784.910
Hrein fjárfesting í leigueignum	<u>1.437.486</u>

Skýringar

19. Tryggingar

Norðurál Grundartangi er með atvinnuhúsnaðis- og rekstrarstöðvunartryggingar sem er atlað að bæta tjón sem myndu stafa af tjóni og af tímabundinni framleiðslustöðvun. Eignatryggingin nemur 500 milljónum USD.

20. Skuldbindingar og ófyrirséðir atburðir

Orkusamningar

Norðurál Grundartangi er með gildandi orkusamning við Landsvirkjun fyrir rafmagnsnotkun allt að 1622 gígawattstundum ("GWst") á ársgrundvelli, þar af 1379 GWst á "take or pay" skilmálum. Samningarnir gilda til 2023 og 2029.

Norðurál Grundartangi er með gildandi samning við Orkuveitu Reykjavíkur og HS Orku fyrir rafmagnsnotkun allt að 2558 GWst á ársgrundvelli, þar af 2173 GWst á "take or pay" skilmálum. Samningarnir gilda til 2026 og 2028 með möguleika á framlengingu. Norðurál Grundartanga er með gildandi samning við Orkuveitu Reykjavíkur fyrir rafmagnsnotkun allt að 416 GWst á ársgrundvelli, þar af 354 GWst á "take or pay" skilmálum. Samningurinn gildir til 2036 með möguleika á framlengingu.

Sölu- og hráefnasamningar

Norðurál Grundartanga er með gildandi samning við Glencore International og Concord Resources Limited vegna sölu á öllu áli fyrir framleiðslu og til afhendingar á árunum 2020 og 2021. Samningurinn er byggður á markaðsverði LME á áli auk álags við sölu innan Evrópusambandsins.

Norðurál Grundartanga er með gildandi súrálssamning við Glencore fyrir kaupum á súráli fyrir framleiðslu og afhendingar á árunum 2018 og 2021.

Norðurál Grundartangi er með samning við Baise Hao Hai í Kína vegna afhendingar á forskautum allt að 45.000 tonn á ári. Samningurinn er í gildi til og með 31. desember 2020, með möguleika á framlengingu.

Norðurál Grundartangi er með samning um kaupa á forskautum við Century Aluminum Vlissingen B.V. Samningurinn er í gildi út árið 2025 með framlengingarákvæði. Á samningstímanum skal Century Aluminum Vlissingen B.V. afhenda Norðurali Grundartanga árlegt magn skauta í samræmi við framleiðsluáætlun sem báðir aðilar hafa samþykkt.

Annað

Norðurál Grundartangi gekkst í ábyrgð í þágu lífeyrissamnings í Bandaríkjunum frá og með 21. mars 2014, sem hluti af uppgjörssamkomulega vegna rekstrarstöðvunar í einu álveri móðurfélagsins í Bandaríkjunum. Eftirstöðvar framlaganna í árslok 2019 eru rúmlega 9,6 milljónir USD.

Norðurál Grundartangi tók þriggja ára veltulán að andvirði 50 milljóna USD hjá Landsbankanum, sem rennur út í nóvember 2022. Birgðir fyrirtækisins og viðskiptakröfur voru sett í ábyrgð vegna þessa láns. Í árslok 2019 voru skuldir vegna þessa engar.

Norðurál Grundartangi fer reglulega í gegnum lögbundið eftirlit á starfsemi frá ýmsum eftirlitsstofnunum, ekkert sem fyrirtækið metur að kunni að leiða til verulegra áhrifa á ársreikning félagsins.